
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

(Hovedindlæg)

Forseti. Þegar við norrænir stjórnámamenn komum saman á Norðurlandaráðsþingi vill það oft verða svo að umræðan beinist að framtíð norræns samstarfs.

Þingdagarnir verða norrænum fjölmiðlum tilefni til að vera með vangaveltur um gildi samstarfsins. Þessi umfjöllun er sem betur fer oftast jákvæð, en stundum getur hún verið bæði neikvæð og óvægin. Því er haldið fram að norrænt samstarf skili litlu, það kosti of mikið, sé léttvægt í pólitískum skilningi og ekki í takt við tímann.

Auðvitað á þessi umræða rétt á sér á hverjum tíma og ástæðulaust að kveinka sér undan henni. Sá veruleiki sem við okkur blasir í dag er sannanlega talsvert frábrugðinn þeim sem mótaði umgjörðina fyrir stofnun Norðurlandaráðs og síðar Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í dag er alþjóðlegt samstarf mjög fjölbreytt og norrænu ríkin taka þátt í því af miklum krafti. Er þá nokkur ástæða fyrir okkur að halda áfram að vinna saman á norræna vísu þegar við erum á sama tíma að taka þátt í margvíslegu fjölþjóðlegu samstarfi þar sem sömu málefni eru jafnvel á dagskrá? Það er ekki óeðlilegt að spyrja slíkra spurninga.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að norrænt samstarf sé ekki síður mikilvægt í byrjun 21. aldarinnar en þegar til þess var stofnað í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Svæðasamstarf af því tagi sem við eigum með okkur er einstakt og margir líta til þess sem fyrirmyndar – og það í auknum mæli.

Það mun aldrei breytast að við eigum okkur sameiginlega sögu og menningararfleifð. Skyldleiki Norðurlandabjóða er mikill. Við deilum sömu gildum og hagsmunir okkar fara oftast saman. Við keppum gjarnan að sömu markmiðunum, einnig í alþjóðlegu samstarfi.

Allt eru þetta undirstöður norræns samstarfs og nægja í sjálfu sér til þess að verja tilvist þess um ókomna tíð.

Forseti. Í framtíðinni þurfum við hins vegar að nýta hið norræna samstarf betur en nú er gert til þess að ná sameiginlegum markmiðum okkar. Samstarfið eigum við að nýta okkur í alþjóðlegri samkeppni með því að kynna Norðurlönd sem aðlaðandi markaðssvæði og þá sameiginlegu og jákvæðu ímynd sem hugtakið „Norden“ kallar fram í hugum fólks. Norræna virðisaukann er víða að finna og beinlínis óskynsamlegt að láta hann liggja óhreyfðan.

Aðferðin sem kennd er við Thorvald Stoltenberg og felst í því að skilgreina betur mögulega samstarfsfleti á afmörkuðum sviðum norræns samstarfs hefur þegar skilað árangri.

Enn er unnið samkvæmt tillögum Stoltenbergs um aukið samstarf í utanríkismálum og það er nú orðið nánara en margir töldu áður mögulegt. Má þar nefna vel heppnaða loftvarnaræfingu á Íslandi í febrúar síðastliðnum þar sem Noregur, Svíþjóð og Finnland sameinuðust um eftirlit með loftrými á Íslandi.

Sömu aðferð var nýlega beitt þegar Bo Könberg tók fyrir samstarf á heilbrigðissviði og verður áhugavert að sjá hvernig tillögum hans verður fylgt eftir á næstu misserum. Ég teldi upplagt að beita þessari aðferð á fleiri samstarfssvið, til dæmis þegar kemur að stjórnsýsluhindrunum, en viðureignir við þær eru orðnar að föstum lið í norrænu samstarfi.

Forseti. Formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni lýkur um næstu áramót þegar Danmörk tekur við keflinu.

Það er sannarlega áskorun fyrir fámenna stjórnsýslu eins og þá íslensku að

taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Verkefnið er krefjandi en um leið skemmtilegt og gefandi.

Undir formerkjum Íslands var farið af stað með mörg spennandi verkefni sem lýkur ekki þó Ísland láti af formennsku, heldur eiga þau sér framhaldslíf að minnsta kosti næstu tvö árin. Metnaður okkar Íslendinga stendur að sjálfsgöðu til þess að verkefnin verði sjálfbær og að þau verði áfram viðfangsefni norræns samstarfs.

NordBio-verkefnið um þróun lífhagkerfis á Norðurlöndum er þar gott dæmi. Verkefnið tekur fyrir viðfangsefni sem öll ríki heims þurfa að takast á við í framtíðinni. Í því samhengi gefur norræna samstarfið okkur forskot og gullið tækifæri til að takast á við þær áskoranir í sameiningu - og virðisaukinn er augljós.

Með verkefninu um Velferðarvaktina geta Norðurlöndin dregið sameiginlegan lærdóm af þeim efnahagskreppum sem löndin hafa þurft að takast á við og fundið leiðir til þess að bregðast hratt við þegar velferðarkerfinu er ógnað.

Norræni spilunarlistinn er menningarverkefni sem hefur alla burði til þess að standa sjálft undir sér þegar norrænum stuðningi við það lýkur. Árangur verkefnisins hefur þegar farið fram úr okkar björtustu vonum, en markmið þess er að kynna norræna tónlist jafnt innan sem utan Norðurlanda og greiða fyrir útflutningi hennar.

Forseti. Áður en ég lýk máli mínu langar mig að nefna eitt þeirra verkefna sem Ísland beitti sér fyrir á árinu, en það var að boða til fundar norrænna ungmenna í Reykjavík í byrjun apríl. Þarna komu saman um eitt hundrað ungmenni á aldrinum 16-20 ára til þess að ræða þróun norræns samstarfs og framtíð þess.

Niðurstöður fundarins eru um margt athyglisverðar. Þær lýsa þroska og samfélagslegri meðvitund og gefa jafnframt til kynna mikla trú á og fylgi við norrænt samstarf. Aukið samstarf og sterkari tengsl milli Norðurlanda voru unga fólkinu hugleikin, sem og að styðja við það sem sameinar löndin, að

efla kennslu í norrænum tungumálum og sögu Norðurlanda og að styrkja menningarläsi milli landanna.

Sameiginlegt menntakerfi, skattkerfi og heilbrigðiskerfi lýsti framtíðarsýn fundar ungra Norðurlandabúa og gamall draumur um endurreisn Kalmarsambandsins skaut meira að segja upp kollinum í umræðu þeirra.

Skilaboð unga fólksins voru skýrt ákall um kraftmikið norrænt samstarf í framtíðinni og eru gott veganesti þegar tekist er á við verkefni næstu ára. Framtíð norræns samstarfs í höndum komandi kynslóða er því björt.

Þakka ykkur fyrir.

Skandinavisk oversettelse

Præsident. Når vi, nordiske politikere, mødes til Nordisk Råds session, kommer debatten ofte til at fokusere på det nordiske samarbejdes fremtid.

Sessionsdagene giver nordiske medier en anledning til at fundere over samarbejdets værdi. Heldigvis er denne omtale som regel positiv, men nogle gange kan den være både negativ og barsk. Det hævdes, at det nordiske samarbejde skaber for få resultater, at det koster for meget, at det mangler politisk tyngde og at det er utidssvarende.

Denne diskussion er selvfølgelig berettiget til enhver tid og der er ingen grund til at beklage sig over den. Den virkelighed, vi står overfor i dag, er sandelig forskellig fra de omstændigheder, der udgjorde rammerne for grundlæggelsen af Nordisk Råd og senere Nordisk Ministerråd.

I dag finder et meget varieret internationalt samarbejde sted, med de nordiske lande som særdeles aktive deltagere. Men er der så nogen anledning til at vi fortsætter samarbejdet på et nordisk niveau, nu når vi samtidigt kan deltage i alsidigt internationalt samarbejde, hvor endda de samme emner er på dagsordenen? Det er ikke unaturligt at stille sådanne spørgsmål.

Jeg selv er af den opfattelse at det nordiske samarbejde ikke er mindre vigtigt nu i begyndelsen af det 21. århundrede end dengang det blev grundlagt i kølvandet af anden verdenskrig. Et regionalt samarbejde som vores er enestående, og mange ser det som et forbillede – og i stigende grad.

Det, der aldrig vil ændre sig, er at vi deler en fælles historie og kulturarv. Der er stor samhørighed mellem de nordiske folk. Vi deler de samme værdier og ofte et interessefællesskab. Vi tilstræber ofte de samme mål, også i det internationale samarbejde.

Alt dette udgør fundamentet for det nordiske samarbejde, og er i sig selv tilstrækkeligt til at legitimere samarbejdet, også i fremtiden.

Præsident. Fremover må vi derimod udnytte det nordiske samarbejde endnu bedre for at kunne opnå vores fælles mål. Vi bør drage fordele af samarbejdet i international konkurrence ved at præsentere Norden som en attraktiv markedsregion, samt det samlede positive indtryk som „Norden“ som brand fremkalder i folks tanker. Den nordiske merværdi findes mange steder og det ville være ligefrem uklogt ikke at udnytte den.

Den fremgangsmåde som Thorvald Stoltenberg har lagt navn til, og som består i at definere potentielle samarbejdsflader på afgrænsede områder inden for nordisk samarbejde, har allerede skabt resultater.

Der arbejdes stadigvæk med Stoltenbergs forslag om et øget samarbejde om udenrigspolitik, hvilket er blevet endnu tættere end mange anså for at være muligt. Som et eksempel kan nævnes en vellykket øvelse i overvågning af Islands luftrum i februar i år, hvor Norge, Sverige og Finland deltog i patruljeringen af det islandske luftrum.

Samme fremgangsmåde blev anvendt nu for nylig, da Bo Könberg gennemgik samarbejdet på sundhedsområdet, og det bliver interessant at følge med i hans forslag i de kommende måneder. Jeg anser at det ville være oplagt at bære sig ens ad i forhold til andre samarbejdsområder, for eksempel grænsehindringer, da fjernelse af grænsehindringer er blevet et

fast led i nordisk samarbejde.

Præsident. Islands formandskab i Nordisk Ministerråd slutter ved årsskiftet når Danmark overtager stafetten.

Det har unægteligt været en udfordring for en administration med så få ressourcer som den islandske at varetage formandskabet i Nordisk Ministerråd. Opgaven har været krævende men samtidigt interessant og givende.

Under Islands ledelse søsatte man flere spændende projekter som ikke afsluttes når Islands formandskabsperiode udløber, men lever videre i hvert fald i de kommende to år. Islands ambition har selvfølgelig været at projekterne skulle blive bæredygtige, og at de fortsætter som et element i nordisk samarbejde.

Et godt eksempel er NordBio-projektet, der handler om udviklingen af bioøkonomi i Norden. Projektet forholder sig til udfordringer som alle verdens lande må løse i fremtiden. I den forbindelse giver det nordiske samarbejde os et forspring og en gylden chance til at løse udfordringerne i fællesskab – og merværdien er indlysende.

Projektet Velfærdsvagten gør det muligt for de nordiske lande at udveksle erfaringer med, hvordan man håndterede den økonomiske krise, og reagerede hurtigt da velfærdssystemerne var truet.

Den nordiske spilleliste er et kulturprojekt som har alle potentialer for at blive selvkørende når den nordiske støtte ophører. Projektets resultater har overgået alle forventninger, hvor målet var at præsentere nordisk musik i og uden for Norden og bane vejen til eksportmarkeder.

Præsident. Afslutningsvis har jeg lyst til at nævne et af de projekter, som Island har stået for i år, da man kaldte nordisk ungdom sammen til et møde i Reykjavik i begyndelsen af april. Cirka 100 unge i alderen 16–20 mødte op for at diskutere det nordiske samarbejdes udvikling og fremtid.

Mødets konklusioner var interessante på mange måder. De viser modenhed og samfundsbevidsthed, samtidigt med at de vidner om stor tiltro og støtte til nordisk samarbejde. Øget samarbejde og stærkere bånd mellem de nordiske lande var det som de unge var optaget af, samt at støtte det, som forener landene, at styrke undervisning i de nordiske sprog og Nordens historie, og fremme den kulturelle forståelse landene mellem.

Et fælles uddannelsessystem, skattesystem og sundhedssystem udgjorde en del af de unge nordboeres fremtidsvision, hvor oven i købet en gammel drøm om Kalmarunionens renæssance dukkede op i diskussionerne.

De unge gav klar besked om at de ønskede et dynamisk nordisk samarbejde i fremtiden, hvilket er et godt incitament når vi skal tage fat på de kommende års opgaver. Det tegner derfor lyst for et nordisk samarbejde blandt de kommende generationer.

Tak skal I have.

Informasjon

Tale nummer

3

Type

Hovedindlæg

Person

[Sigmundur Davíð Gunnlaugsson](#)

Speaker role

Islands statsminister

Dato

28.10.14 16:52